

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsskilmálum Æðarodda, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 16. nóvember 1999 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagsskilmálum Æðarodda, Akranesi. Breytingin felst í viðbót við skilmála frá nóvember 1993, þar sem heimilað er að reisa gripaskjól á lóðum.

Auglýst var eftir athugasemdum skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og var breytingartillagan til sýnis frá og með miðvikudeginum 8. september til mánudagsins 11. október 1999. Athugasemdafrestur var til 25. október 1999. Engar athugasemdir bárust.

Framangreind breyting á deiliskipulagsskilmálum Æðarodda, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 17. nóvember 1999.

Skúli Lýðsson bygginga- og skipulagsfulltrúi.

10. nóvember 1999

Nr. 776

REGLUGERÐ

um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna.

1. gr.

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bótaskyldra slysa sbr. III. kafla laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir útgerðarmönnum fjárhæð sem svarar til fulls kaups og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

2. gr.

Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald sem nemur 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni.

3. gr.

Skattstjórar annast ákvörðun iðgjalds samkvæmt reglugerð þessari og skal það innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds samkvæmt þessari reglugerð. Iðgjaldið innheimtist mánaðarlega ásamt tryggingagjaldi. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila samkvæmt reglugerð þessari og skal eftir atvikum leita staðfestingar hans á iðgjaldi útgerðaraðila þegar bótaskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

4. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu skv. reglugerð þessari fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun ríkisins. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum